

Grunnskólinn Maustan Vatna

Hofsós – Hólar - Sólgarðar



**Sjálfsmatsskýrsla
2008-2009**

Efnisyfirlit

Einkenni stofnunarinnar	4
Stefna og markmið	4
Framtíðarsýn.....	4
Stefna og leiðir	4
Nám og kennsla.....	4
Starfsumhverfi og líðan.....	5
Samskipti.....	6
Sjálfsmat.....	7
Lykilþættir gæðagreinanna.....	7
Sjálfsmatsáætlun 2006 - 2009	8
Sjálfsmatsteymi	9
Verkefni sjálfsmatsteymis	9
Matið	9
Lykilþáttur 6: Mannafli, aðstaða	9
Hólar.....	9
Hofsós.....	12
Sólgarðar	14
Lykilþáttur 7: Stjórnun, forysta og trygging gæða	16
Hólar.....	16
Hofsós.....	17
Sólgarðar	18
Tillögur um aðgerðir	19
Aðgerðaáætlun	21
Skimun	22

Einkenni stofnunarinnar

Grunnskólinn austan Vatna samanstendur af þremur Grunnskólum sem sameinaðir voru undir eina stjórn 1. ágúst 2007. Þeir eru Sólgarðaskóli, Grunnskólinn að Hólum og Grunnskólinn á Hofsósi. Núna á vordögum 2009 voru samtals 91 nemandi í skólanum. Skipting milli kennslustaða er eftirfarandi:

Á Hofsósi 49 nemendur í 5 bekkjardeildum:

1. bekkur	5 nemendur
2. - 4. bekkur	9 nemendur
5. - 7. bekkur	10 nemendur
8. - 9 bekkur	14 nemendur
10. bekkur	11 nemendur

Á Hólum 28 nemendur í 3 bekkjardeildum:

1. - 2. bekkur	6 nemendur
3. - 4. bekkur	14 nemendur
5. - 7. bekkur	8 nemendur

Á Sólgorðum 14 nemendur í tveimur bekkjardeildum:

1. - 4. bekkur	7 nemendur
5. - 7. bekkur	7 nemendur

Stefna og markmið

Framtíðarsýn

Grunnskólinn austan Vatna fylgir eftir framtíðarsýn skólastefnu sveitarfélagsins en leggur sérstaka áherslu á gott samstarf við heimilin, grenndarsamfélagið og umhverfið. Skólinn vill auk þess skapa sér sérstöðu með öflugum nýsköpunar- og frumkvöðlanámi. Grunnskólinn austan Vatna vill að samfélagið og nemendur geti verið stolt af skólanum og umhverfi sínu.

Stefna og leiðir

Nám og kennsla

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að starfið mótist af metnaði, samfelli og hvatningu til sjálfstæðra verka, ábyrgðar og aukinnar víðsýni, svo hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, í samræmi við hæfileika, þroska og getu.

- Einstaklingsáætlanir nemenda og einstaklingsnámskrár séu gerðar og nýttar þar sem við á
- Kennð sé námstækni sem hæfir yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi.
- Í skólanum sé til þekking og mannaflí til að sinna öllum nemendum
- Skólinn sjái til þess að hver og einn nemandi fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf
- Skólinn nýti m.a. þá ráðgjöf sem stendur til boða frá skólaskrifstofu
- Skólinn sjái til þess að hver og einn starfsmaður fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf, jafnt innan sem utan kennslustunda
- að nýta umhverfi okkar í kennslunni, söguna, náttúruna og sveitina.
 - Skólinn taki þátt í heimabyggðarverkefni skólanna í Skagafirði
 - Skólinn vinni að grenndarspili
 - Saga og sérkenni alls héraðsins sé nýtt til kennslu
 - Heimilisfræðikennsla fari að hluta fram í útielddhúsi
 - Lögð sé áhersla á göngu- og vettvangsferðir nemenda, að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðina á eigin forsendum
 - Útikennslustofa á Hólum sé nýtt og henni viðhaldið
 - Innsýn í starf fornleifafræðinga Hólarannsóknar sé fengin með vettvangsfræðslu / -ferðum og verkefnavinnu (Hólar)
- að í skólastarfi ríki fjölbreytni í markmiðum og vinnubrögðum. Við val á kennsluáðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og námsumhverfis.
 - Fjölbreyttir kennsluhættir
 - Gerð náms- og kennsluáætlana í hverri námsgrein samkvæmt samræmdu formi
 - Sérþekking starfsmanna og foreldra sé nýtt í kennslu
 - Leikræn tjáning og virk þátttaka í viðburðum
 - Markmiðasetning nemenda (Hofsós)
- að bjóða upp á náíð samstarf starfsstöðva á faglegum grunni er varðar kennslu og kennsluhætti
 - Reglulegir samráðsfundir kennara
 - Öflug miðlun upplýsinga sem tekur á náms- og kennsluáætlunum, kennsluháttum og öðru faglegu starfi kennara
 - Sameiginleg verkefni – þemadagar

Starfsumhverfi og líðan

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að öllum líði vel á eigin forsendum og gagnkvæmt traust og virðing ríki milli manna.
 - Jákvæðir þættir verði gerðir sýnilegri hjá nemendum og kennurum
 - Hrósi sé beitt með markvissum hætti
 - Samræmdri lífsleikniáætlun skólanna þriggja með samfellu frá 1. til 10. bekk sé framfylgt
 - Kennarar og starfsfólk ræði málefni nemenda reglulega á starfsmannafundum

- Nemendur og starfsfólk njóti hvatningar og viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
- Mótaðar verði heildstæðar samskiptareglur
- að skólinn og umhverfi hans skulu vera eins vel búin, örugg og hvetjandi til starfs og náms eins og best verður á kosið, svo skólastarfið geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
 - Innra og ytra umhverfi skólans sé gert hlýlegt í samvinnu við nemendur
 - Vinna nemenda sé gerð sýnileg
 - Vinnuumhverfi sé aðlaðandi og húsnaði, búnaði og tækjakosti sé vel við haldið og endurnýjað eftir þörfum. Gott starfsumhverfi laðar að gott starfsfólk.
 - Skólinn geri flóttaleiðir sýnilegar og hafi brunaæfingar tvisvar á ári
- að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefur velferð nemenda að leiðarljósi
 - Endurmenntunaráætlun sé virk og gerð í samráði við kennara
 - Kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að afla sér frekari menntunar

Samskipti

Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að standa fyrir metnaðarfullu skólasamfélagi, í góðu og markvissu samstarfi við heimilin, sem einkennist af kurteisi, tillitsemi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrar eru hvattir til aukinnar þátttöku.
 - Virk og tíð samskipti við foreldra
 - Gott upplýsingaflæði sé tryggt með því að senda upplýsingar með bréfum og tölvupósti milli foreldra og skóla
 - Foreldrar séu fengnir inn í félags- og skólastarfið, t.d. með fræðslu eða verkefnavinnu með börnunum sínum
 - Foreldrar og skóli séu samstíga í því að ala börnin upp með „staðarstolt fyrir augum“
 - Náms- og skólakynning í lok september
 - Foreldrar séu meðvitaðir um heimanám nemenda
 - Foreldrar finni sig ætíð velkomna í skólann og geti óhræddir sagt sínar skoðanir á skólastarfinu
 - Dagur nemenda þar sem nemendur skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra (Hofsós)
 - Kennaraheimsóknir í september til nemenda 1., 5. og 8. bekkjar, auk nýrra nemenda í öðrum árgöngum (Hofsós)
- að kurteisi, tillitssemi og gagnkvæm virðing einkenni samskipti þeirra sem í skólanum eru við nám og störf. Virðing sé borin fyrir sjálfum sér, starfi sínu og umhverfi.
 - Skólareglur, viðmið og viðurlög séu skýr
 - Mótuð verði heildstæð lífsleikniáætlun
 - Virk umræða
 - Grenndarkennsla
 - Dyggðaþema (Hólar)

- að eiga góð samskipti við umhverfi og samfélag skólans
 - Áætlun um samstarf við aðra skóla sé skýr í skólanámskrá
 - Tengsl við atvinnulíf sé viðhaldið
 - Farið sé í vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu

Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 49. gr. á sérhver grunnskóli að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans.

Sjálfsmat skóla felur í sér ítarlega lýsingu og greiningu á markmiðum og starfi skólans og jafnframt tillögur um úrbætur og mat á þeim. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið skólans sem sett eru í skólanámskrá.

Það er ljóst að forsenda raunhæfs sjálfsmats er ítarleg og markviss skólanámskrá sem stuðlar að því að starfsfólk skóla skýri viðhorf sín til skólastarfs og sameinist um leiðir að settu marki. Skólanámskráin og sú vinna sem fer fram í kringum hana stuðlar að faglegu samstarfi og skapar grundvöll til mats á skólastarfi. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins. Stuðst er við skoska matskerfið „Gæðagreina“ sem Skólaskrifstofa Skagfirðinga hefur þýtt og staðfært.

Her er yfirlit yfir alla lykilþætti matsins og greina undir hverjum lykilþætti:

Lykilþættir gæðagreinnanna

1. Námskrá

- 1.1. Uppbygging skólanámskrárinnar
- 1.2. Gæði áætlana í einstökum námsgreinum
- 1.3. Gæði áætlana hjá kennurum

2. Árangur

- 2.1. Árangur í námsgreinum
- 2.2. Árangur í samræmdum prófum
- 2.3. Heildarárangur

3. Nám og kennsla

- 3.1. Gæði kennslunnar
- 3.2. Gæði námsins
- 3.3. Til móts við þarfir nemenda
- 3.4. Mat sem liður í kennslu
- 3.5. Samskipti við foreldra

4. Stuðningur við nemendur

- 4.1. Umönnun

- 4.2. Þroski og lífsleikni
- 4.3. Gæði náms- og starfsráðgjafar
- 4.4. Hlutverk ráðgjafa í árangri
- 4.5. Stuðningur
- 4.6. Reglugerð um sérkennslu
- 4.7. Úrræði vegna nemenda með sérþarfir

5. Starfsandi

- 5.1. Starfsandi
- 5.2. Samstarf við foreldra og skólanefnd
- 5.3. Tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið

6. Mannafli, aðstaða

- 6.1. Húsnæði og aðstaða
- 6.2. Búnaður
- 6.3. Skipulag á notkun á búnaði og húsrými
- 6.4. Mannafli
- 6.5. Nýting mannafla
- 6.6. Starfsmat
- 6.7. Rekstur skólans

7. Stjórnun, forysta og trygging gæða

- 7.1. Sjálfsmat
- 7.2. Þróunaráætlun skólans
- 7.3. Framkvæmd þróunaráætlunar
- 7.4. Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga
- 7.5. Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum

Sjálfsmatsáætlun 2006 - 2009

Áætlun um sjálfsmat kemur inn á alla þætti skólastarfsins og spannar þrjú ár. Þessi áætlun endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur skólastarfsins er metinn þriðja hvert ár. Auk matsins samkvæmt þriggja ára áætlun eru allir greinar skimaðir á hverju ári. Sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju vori og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Á hverjum vetri eru ákveðnir kaflar Gæðagreinana teknir fyrir, hér má sjá hvernig kaflaskipting Gæðagreinana er raðað niður á ártöl sem segir til um hvenær unnið skal að hverjum og einum kafla

1. Námskrá.	Haustönn 2006
2. Árangur.	Vorönn 2007
3. Nám og kennsla.	Vorönn 2007
4. Stuðningur við nemendur.	Haustönn 2007
5. Starfsandi.	Vorönn 2008
6. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu.	Haustönn 2008
7. Stjórnun, forysta og trygging gæða.	Vorönn 2009

Sjálfsmatsteymi

Þrír kennarar, einn frá hverjum skóla skipa sjálfsmatsteymið, Þau Rita Didriksen frá Hólum, Fríða Eyjólfsdóttir frá Hofsósi og Halldór Halfdánarson frá Sólögörðum. Jóhann Bjarnason, aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með sjálfsmatinu

Verkefni sjálfsmatsteymis

Meðal verkefna sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmat fer fram, halda utan um og þróa spurningalista sem eru lagðir fyrir nemendur og foreldra, þróa áfram Gæðagreinana og vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs.

Matið

Samkvæmt matsáætlun verður tekið fyrir í þessari skýrslu lykilþættir 6 og 7. Unnið var sameiginlega við lykilþátt nr. 6, á Sólögörðum 9. janúar 2009 og við lykilþátt nr. 7 á Hofsósi 27. maí 2009. Í matsvinnunni er hverjum greini gefin einkunn á skalanum 1 – 4 . Unnið er út frá texta sem gæfi einkunnina 4 sem er hæsta skor. Sá texti er klipptur niður í málsgreinar sem eru metnar hver fyrir sig. Þannig er fundin meðaltalseinkunn hvers greinis. Lykilþátturinn í heild fær ekki einkunn sem slíkur.

Við matið var starfsmannahópnum skipt í hópa eftir skólasvæðum. Starfsmönnum á Hofsósi var auk þess skipt í tvo matshópa sem skiluðu sitt hvoru álitu. Í einstaka tilfellum er því tvennskonar vegin heildareinkunn undir Hofsós fyrir hvern þátt en sterkar og veikar hliðar auk tillaga um aðgerðir eru sameiginlega frá báðum hópum.

Lykilþáttur 6: Mannafli, aðstaða

Hólar

Húsnæði og aðstað

Gæðagreinir 6.1

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Vinnuaðstaða kennara er mjög góð

Húsgögn hafa verið endurnýjuð að miklu leyti, þ.e. borð og stólar fyrir nemendur.

Hefur tekist að gera mikið úr litlu, t.d. með endurnýtingu fataskápa.

Aðgengi fatlaðra að salerni er ekki góð en á móti kemur að slíkt aðgengi er fyrir hendi á leikskólanum.

Skemmtilegt umhverfi um skólalóð og fjölbreytt leiktæki.

Veiku hliðarnar okkar:

Skipuleggja betur minni svæði, eins og skonsu og leikloft þannig að rýmið nýtist betur.

Lítið pláss til félagsstarfa, vantar t.d. sal og pláss fyrir borðtennisborð.

Geymslupláss byggir að miklu leyti á gám sem ekki er hentug geymsla.

Gangur og matsalur henta vel til sýninga en mætti gera huggulegri.

Vaskur og vaskaborð í stofu 2 er heldur hrörlegt.

Aðgengi að bókasafni er ekki góð (hringstigi).

Heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemd við öryggi dekkjarólu.

Tillögur um aðgerðir:

Fara þarf í tiltekt og skipulag á sameiginlegum svæðum; gangi, anddyri, skonsu og heimilisfræðigeymslu. Taka niður stóru dekkjaróluna. Þrýsta á viðhald vegna þakleka og frágang á skólalóð.

Búnaður

Gæðagreinir 6.2

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Ljósritunaraðstaða er mjög góð. Starfsfólk er búið miklum skipulagshæfileikum og því hefur mikið áunnist í nýtingu á plássu.

Veiku hliðarnar okkar:

Sérkennsla er ekki nægjanleg vegna tímaleysis, fáir tímar úthlutaðir til sérkennslu. Veita mætti meira fé til vettvangsferða.

Tillögur um aðgerðir:

Taka vinnudaga í að skipuleggja svæði og taka til. Þrýsta á frekari stuðningsúræði.

Skipulag og notkun búnaðar og húsrýmis

Gæðagreinir 6.3

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Gott skipulag á vinnugögnum kennara. Húsrými er ágætlega nýtt en hægt er að skipuleggja svæðin betur þannig að þau nýtist betur fyrir alla. Margt skemmtilegt hefur verið sett upp á veggum en mætti e.t.v. endurnýja oftar.

Veiku hliðarnar okkar:

Nýta má gang, skonsu og leikloft betur í kennslu.

Tillögur um aðgerðir:

Sjá tillögur við liði 6.1 og 6.2

Mannaflí

Gæðagreinir 6.4

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Stuðningsfulltrúi var ráðinn í hlutastarf haustið 2008 sem nýtist vel. Kennarar eru metnaðarfullir fyrir hönd síns skóla og í sameiginlegri vinnu.

Veiku hliðarnar okkar:

Þó að mannaflí sé nægur þarf samt sem áður að efla fagmennsku að vissu leyti. Kennarar þurfa að nýta sér meira sterku hliðar hvers annars.

Tillögur um aðgerðir:

Finna tíma til meira samráðs og samvinnu kennara.

Nýting mannafla

Gæðagreinir 6.5

Vegin heildareinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

Talmeinafræðingur kemur reglulega í skólann og eins er með kennsluráðgjafa. Stuðningsfulltrúi metnaðarfullur í starfi og sýnir nemendum virðingu.

Veiku hliðarnar okkar:

Mætti vera meiri tími til að nýta samstarf kennara betur. Skólasálfræðingur virðist ekki hafa nægilegan tíma til að sinna því sem þarf. Samstarfsfundir sérfræðinga og bekkjarkennara þurfa að vera skipulagðir á stundaskrá. Störf starfsmanna mættu vera metin að verðleikum í stóra skólasamfélaginu.

Tillögur um aðgerðir:

Utanaðkomandi sérfræðingar þurfa að gefa sér meiri tíma til að staldra við og ræða við bekkjarkennara.

Starfsmat

Gæðagreinir 6.6

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Starfsdagar eru vel nýttir til símenntunar starfsfólks.

Veiku hliðarnar okkar:

Námskeið eru oft á tíðum of almenn, mætti gefa kennurum meira val um námskeið.

Tillögur um aðgerðir:

Ræða í starfsviðtölum hvar áhugi kennara á endurmenntun liggur og sjá til þess að skrá markvisst hverjir eru að nýta sér endurmenntunarsjóðinn og hverjir ekki.

Rekstur skólans

Gæðagreinir 6.7

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Fjármagn nýtt vel með hagstæðum innkaupum og sparsemi í efniskaupum.

Veiku hliðarnar okkar:

Virðist ekki vera samræmi í innkaupum á milli deilda skólans. Skólinn fær ekki það fjármagn sem þarf til að sinna þeim þáttum sem til er ætlast, t.a.m. er hvorki smíða né eðlisfræðistofa og sérkennari er ekki starfandi við skólann. Starfsfólk hefur ekki möguleika á að segja álit sitt og koma með tillögur að gerð fjárhagsáætlunar.

Tillögur um aðgerðir:

Vinna fjárhagsáætlun meira í samráði við starfsfólk skólans, a.m.k. það starfsfólk sem sinnir innkaupum eins og myndmennta-, handavinnu- og smíðakennarar ásamt kennurum sem koma að þróunarverkefnum sem falið gætu í sér einhvern kostnað.

Hofsós

Húsnæði og aðstað

Gæðagreinir 6.1

Vegin heildareinkunn: 3/2

Sterku hliðarnar okkar:

-Félagsaðstaða er góð, mikið er af tækjum sem krakkarnir hafa aðgang að.
Sífelldar framfarir í gangi

Veiku hliðarnar okkar:

-Íþróttir, handmennt og matreiðsla. Vöntun á tækjum, hirslum, töflur og hreinlega allri íþróttastöðu inni..
-Reykisnjarar ekki nægir
-vantar raungreinastofu
Vinnuaðstaða kennara – Öryggismál – Útivistarsvæði - Sérgræinastofur

Tillögur um aðgerðir:

-fá brunakerfið í lag,
-nýjar hirslur í handmennt og viftu í heimilisfræði ásamt ofnum og fleiru.
-laga aðgengi að skólanum, ekki góð aðkoma að skólanum fyrir t.d. fatlaða.

Halda brunæfingu

Bæta einföldum leiktækjum á skólalóð

Skipuleggja skólalóð

Leita leiða til að bæta vinnuaðstöðu kennara.

Búnaður

Gæðagreinir 6.2

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

-Aðstaða til ljósritunar góð, bókasafn,
Þekking og skilningur á aðstæðum

Veiku hliðarnar okkar:

-Íþróttir, það vantar áhöld og aðstöðu, og ekki er aðstaða til raungreinakennslu.
Skortir á yfirsýn um fjármagn og fjárhagsáætlun og vitnestku um hvernig fjármagni er varið

Tillögur um aðgerðir:

Sjá fjárhagsáætlun og best væri að fá möguleika á að móta hana

Skipulag og notkun búnaðar og húsrýmis

Gæðagreinir 6.3

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Við erum að bæta okkur mikið þarna

Veiku hliðarnar okkar:

-Það vantar sémilegan sal og sýningartjald.
 Vantar betra aðgengi að búnaði.
 Vinna nemenda ætti að vera sýnilegri.

Tillögur um aðgerðir:

Gera vinnu nemenda sýnilegri.

Mannaflí**Gæðagreinir 6.4***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

-Faglært fólk

Veiku hliðarnar okkar:

-Sérkennari
 -Skólaliði
 Vantar menntaðan sérkennara

Tillögur um aðgerðir:

Lokka sérkennara til okkar með öllum ráðum....
 Meta og skipuleggja starf stuðningsfulltrúa.

Nýting mannafla**Gæðagreinir 6.5***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

-góð samvinna milli kennara og annarra sem að máli koma
 Sterkur hópur

Veiku hliðarnar okkar:

-Boðleiðir til þeirra sem eru að koma þurfa að vera betri.
 -Skilgreint hvað hver á að gera... Upplýsa starfsfólkið um hvað á að gera.. starfslýsing annarra starfsmanna þarf að vera öllum ljós.
 Vantar meiri tíma til að sinna nemendum eins og þyrfti

Tillögur um aðgerðir:

Starfslýsingar eru skýrar og opinberar öllum..
 Skipuleggja og nýta betur starfskrafta annars starfsfólks og utanaðkomandi stuðningsaðila.

Starfsmat**Gæðagreinir 6.6***Vegin heildareinkunn: 2**Sterku hliðarnar okkar:*

Veiku hliðarnar okkar:

-Við myndum gjarnan vilja fá að velja okkur endurmenntun sjálf, hafa 50/50 það sem ákveðið er fyrir okkur og svo það sem við veljum.

- við þurfum að þekkja betur til starfsmats og símenntunarstefnu skólans.

- Ekki eru allir ánægðir með að koma í skólann, boðleiðir þurfa að vera góðar, allir þurfa að vita hverjir eru að koma að kennslu, allir nýjir og allir þurfa að vera meðvitaðir..

Sérhæfðari endurmenntun situr á hakanum.

Tillögur um aðgerðir:

Skýr endurmenntunarstefna er kannski í gangi, en við kennararnir þurfum að vita hvað stjórnendur hafa í huga, hver er framtíðarsýnin.

Rekstur skólans

Gæðagreinir 6.7

Vegin heildareinkunn: 2/3

Sterku hliðarnar okkar:

Góður rekstur og góð yfirsýn stjórnanda.

Veiku hliðarnar okkar:

Við þekkjum ekki til þessara mála..

-Fjárhagsáætlun þarf að vera öllum sýnileg

Starfsfólk þyrfti að taka meiri þátt í ákvörðunum um ráðstöfun fjármagns og ákvörðun um hvernig skuli hagrætt.

Tillögur um aðgerðir:

Drög að fjárhagsáætlun verði kynnt á almennum starfsmannafundi og hún síðan lögð fram til kynningar eftir samþykkt.

Sólgarðar

Húsnæði og aðstað

Gæðagreinir 6.1

Vegin heildareinkunn: 2

Við okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi,að:

L	Ástand hlaðs og aðkoma að skóla	X			
---	---------------------------------	---	--	--	--

Sterku hliðarnar okkar:

Húsnæði stórt miðað við nemendafjölda, auðvelt að aðlaga það. Notalegt og heimilislegt húsnæði.

Veiku hliðarnar okkar:

Vantar sérkennslustofu og sérhæfðar stofu. Aðkoma að skólanum er ekki nógu góð.

Tillögur um aðgerðir:

Malbika hlað, skipuleggja leiksvæði fyrir norðan heimreið, auðvelda aðgengi fatlaðra.

Búnaður**Gæðagreinir 6.2**

Vegin heildareinkunn: 2

Sterku hliðarnar okkar:

Nóg er til af alls konar tækjum og tólum sem nota má við kennslu.

Veiku hliðarnar okkar:

Ljósritunarvélur og laser-prentari virka ekki sem skyldi, lagfæring bráðnaðsynleg.

Tillögur um aðgerðir:

Laga eða skipta út prentara og ljósritunarvél, bæta netsamband.

Skipulag og notkun búnaðar og húsrýmis**Gæðagreinir 6.3**

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Húsnæði nýttist vel, búnaður vel nýttur.

Veiku hliðarnar okkar:

Vantar sérgreinastofu.

Tillögur um aðgerðir:

Mannafli**Gæðagreinir 6.4**

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Fjölbreytt kunnátta og ólíkur bakgrunnur kennara, samvinnuauðveld og starfsandi góður.

Veiku hliðarnar okkar:

Tillögur um aðgerðir:

Nýting mannafla**Gæðagreinir 6.5**

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Hnökralítið samstarf, við erum fá, sveigjanlegt kerfi.

Veiku hliðarnar okkar:

Ítrústu sérhæfingar er ekki gætt í hvívetna.

Tillögur um aðgerðir:

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Sjálfsmat er í vinnslu, hópendurmenntun er góð.

Veiku hliðarnar okkar:

Endurmenntunaráætlun ekki einstaklingsmiðuð. Endurmenntastefna ekki þekkt.

Tillögur um aðgerðir:

Málin eru í vinnslu

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Það er engin óráðsía í rekstri skólans, starfsmenn hafa kostnaðarvitund.

Veiku hliðarnar okkar:

Reksturinn er lítið kynntur fyrir almennum starfsmönnum.

Tillögur um aðgerðir:

Kynna reksturinn betur fyrir almennum starfsmönnum.

Lykilþáttur 7: Stjórnun, forysta og trygging gæða

Hólar

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Sjálfsmat unnið reglulegra og er í stöðugri endurskoðun.
Nemendur fá tækifæri til að meta eigin vinnu.

Veiku hliðarnar okkar:

Stjórnendur þyrftu að vera meðvitaðri um starf hvers og eins kennara.
Mismunandi milli staða og stjórnenda á hverjum stað, þ.e. skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra.
Niðurstöður samræmdra prófa eru notaðar til að styðja við nemendur, hefur ekki verið notað á kerfisbundinn hátt til að meta skólastarf.

Tillögur um aðgerðir:

Þróunaráætlun

Gæðagreinir 7.2

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Framkvæmd þróunaráætlunar

Gæðagreinir 7.3

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga

Gæðagreinir 7.4

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Hlýleg og góð samskipti. Jafnræði milli starfsmanna og stjórnanda.

Veiku hliðarnar okkar:

Upplýsingar komast til skila en mættu vera fyrir á ferðinni.

Tillögur um aðgerðir:

Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum

Gæðagreinir 7.5

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem enginn kennari gegnir stjórnunarstörfum

Hofsós

Sjálfsmat

Gæðagreinir 7.1

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Yfirmenn eiga auðvelt með að hafa yfirsýn vegna smæðar skóla.

Getum rætt um það sem kemur upp og gagnrýnt það sem betur má fara.

Veiku hliðarnar okkar:

Varðandi málsgrein D. (Skólastjórnendur og kennarar í stjórnunarstöðum fylgjast með því að allir lykilhættir (s.s. námskrá, árangur, kennsluaðferðir, stuðningur, starfsandi, nýting fjármagns) séu skoðaðir reglulega) Þá er erfitt að svara þessum lið, þar sem sumir þættir eru skoðaðir reglulega, svo sem fjármagn, námskrá, stuðningur og fleira. Á meðan annað er ekki skoðað reglulega. Svo má einnig spyrja, hvað er reglulegt?

Stjórnendur sýnilegir í kennslu

Tillögur um aðgerðir:

Skoða F og G (Þessir liðir vísa til að yfirmenn fylgist með kennslu einstakra kennara og skilvirkni skólustarfsins)

Þróunaráætlun

Gæðagreinir 7.2

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Framkvæmd þróunaráætlunar

Gæðagreinir 7.3

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga

Gæðagreinir 7.4

Vegin heildareinkunn: 4/3

Sterku hliðarnar okkar:

-Skólastjóri ber ábyrgð og hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans. Hann er allur að vilja gerður og tilbúin að skoða og hlusta á hugmyndir sem koma frá starfsfólki.

Að jafnaði gott

Veiku hliðarnar okkar:

-Eru að miklu leyti fjarvera skólastjóra, sem veikir hans stöðu gagnvart nemendum.

- fyrir okkur hér á Hofsósi, er vont fyrir okkur að hafa engann sem ber stjórnunarlega ábyrgð í fjarveru Jóns.

Samskipti... Það sem vantar upp á eru boðleiðirnar til þeirra kennara sem eru ekki alltaf hér alla daga...

Vantar kannski upp á hæfileikann til að skapa traust, en er allt of virkur við að kveikja nýjar hugmyndir....

Gott samstarf er við starfsmenn skólans en aukin jákvæð samskipti við foreldra og nemendur myndi skila miklu fyrir skólastarfið.

Vantar herslumuninn

Tillögur um aðgerðir:

Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum

Gæðagreinir 7.5

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem enginn kennari gegnir stjórnunarstörfum

Sólgarðar

Sjálfsmat

Gæðagreinir 7.1

Vegin heildareinkunn: 3

Sterku hliðarnar okkar:

Sökum fámennis er auðvelt að hafa yfirsýn, námið er sveigjanlegt. Þægilegt að vera með einstaklingsmiðað nám.

Auðvelt að fylgjast kerfisbundið með án þess að fylgja einhverju fastmótuðu ferli.

Veiku hliðarnar okkar:

Það námsmat sem er í gangi hverju sinni er ef til vill ekki nógu sýnilegt þó það eigi sér sannanlega stað.

Tillögur um aðgerðir:

Halda áfram að fylgjast með námsframvindu nemenda, að yfirmenn sem og allt starfsfólk haldi áfram að sjá til þess að skólastarf gangi sem best.

Þróunaráætlun**Gæðagreinir 7.2**

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Framkvæmd þróunaráætlunar**Gæðagreinir 7.3**

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem ekki liggur fyrir þróunaráætlun út frá fyrra mati.

Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga**Gæðagreinir 7.4***Vegin heildareinkunn: 3**Matsniðurstaða athugasemdir:*

Það er nauðsynlegt að flæði upplýsinga sé gott í báðar áttir. Samstarf og samvinna milli deilda sé gott og skólastjórnandi hafi góða yfirsýn yfir skólastarfið. Skólastjóri hafi góða yfirsýn yfir þróun skólamála almennt og fylgi því eftir innan eigin stofnunar.

ATH. Deildarstjóri Sólgarðaskóla tók þátt í skimun þessa þátts sem kennari þannig að matið snýst um skólastjóra Grunnskólans austan Vatna.

Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum**Gæðagreinir 7.5**

Þessi gæðagreinir var ekki metinn þar sem enginn kennari gegnir stjórnunarstöfum

Tillögur um aðgerðir

Sjálfsmatsteymi fór yfir matið og tók saman í þennan kafla þætti sem komu fram um það sem betur má fara.

Heilt yfir skilaði matið góðri niðurstöðu. Það kom víða fram og talið til kosta að starfseiningar væru litlar og samstarf þétt. Það skapaði góða yfirsýn og utanumhald. Skólinn hefur hátt hlutfall af faglærðu starfsfólki og samstarf er gegnumgangandi gott og hópurinn sterkur. Hér á eftir er samantekt yfir það sem þarf að bæta og verður þá sérstaklega til skoðunar þegar þessir greinar verða metnir næst.

6. Mannafli, aðstaða**6.1 Húsnæði og aðstaða**

Aðgengi fatlaðra.

Bílastæði og plön við skólana

Sérgrainastofur öllum skólum, Ma. Handmennt og heimilisfræði Hofsósi
Eldvarnir og rýmingaráætlanir
Vinnuaðstaða starfsmanna Hofsósi
Geymslupláss
Endurnýja vaskaskáp í myndmenntaaðstöðu Hólum

6.2 Búnaður

Ljósritun, prentun og netsamband Sólgorðum
Íþróttaaðstaða og tæki á Hofsósi

6.3 Skipulag á notkun á búnaði og húsrými

Taka frá sameiginlegan vinnudag sérstaklega í tiltekt og skipulagsvinnu.
Sýningartjald Hofsósi
Vinna markvisst að því að vinna nemenda verði sýnilegri.

6.4 Mannafli

Vantar sérkennara.
Skilvirkara kerfi fyrir stuðningsfulltrúa.

6.5 Nýting mannafla

Meiri tími til samráðs og samvinnu
Skipuleggja betur starfskrafta utanaðkomandi stuðningsaðila. Tryggja lausa tíma fyrir starfsfólk til samráðs þegar þeir mæta á staðinn.
Starfslýsingar skýrar og opinberar öllum.

6.6 Starfsmat

Skortur á sérhæfðum námskeiðum í einstaka greinum.
Endurmenntunaráhugi kannaður í starfsviðtölum.
Skýrt fram sett og markvisst skráð í hvað fjármagn til endurmenntunar fer.
Kennarar sem sækja námskeið miðli til annarra starfsmanna á sameiginlegum kennarafundum.

6.7 Rekstur skólans

Drög að fjárhagsáætlun kynnt á almennum starfsmannafundi þar sem starfsmenn geta komið með tillögur eða ábendingar. Endanleg fjárhagsáætlun síðan kynnt eftir samþykkt.

7. Stjórnun, forysta og trygging gæða

7.1 Sjálfsmat

Sjálfsmatsskýrsla unnin hvert vor og birt á heimasíðu
Athuga yfirsýn yfirmanna á kennsluháttum og framvindu kennslu hjá hverjum og einum

7.4 Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga

Vantar ábyrgðaraðila á staðnum á Hofsósi í fjarveru skólastjóra.
Bæta boðleiðir um tilfallandi breytingar eða skipulag og upplýsingaflæði almennt.

Aðgerðaáætlun

Stjórnendur hafa yfirfarið tillögur að aðgerðum og eftirfarandi verður sett í forgang:

6.1. Nú þegar er á fjárhagsáætlun 2009, að bílastæði og aðkoma við Grunnskólann að Hólum verði lögð bundnu slitlagi. Einnig er á áætlun hellulögn við Grunnskólann á Hofsósi og þrýst verður á aðgerðir á Sólgorðum. Stefnt verður að því að gera bragarbót á eldvörnum. Næsta skólaár verði í samráði við brunavarnir Skagafjarðar gerðar rýmingaráætlanir við alla skólana og það verði æfing á flóttaleiðum á hverjum stað. Vaskur á Hólum verður lagaður.

6.2. Ný ljósritunarvél hefur nú þegar verið keypt á Sólgorðum.

6.3. Sett verður inn í skipulag vordaga að tekið verði frá amk. einn starfsdagur til skipulags og tiltektar eins og verið hefur. Sýningartjald hefur nú þegar verið keypt fyrir Grunnskólann á Hofsósi. Kennarar verða hvattir til að vinna nemenda verði sýnilegri m.a. í starfsmannabréfum og á samstarfsfundum.

6.4. Varðandi menntaðan sérkennara eru engar kennarastöður lausar til umsóknar en haft verður í huga varðandi ráðningar að sú menntun njóti forgangs, verði möguleiki að koma því við. Einnig má skoða fleti á því varðandi endurmenntun starfsmanna. Athugað verður að liður fyrir reglubundnar skimanir sé til staðar í kennsluáætlanayfirlitum (þar sem það á við).

6.5. Settir verða inn sameiginlegir kennarafundir þar sem dagskrá verður fyrirferðalítill eða engin, svo svigrúm gefist fyrir kennara til samráðs og skipulagninga, amk. tveir yfir starfstíma skóla.

Reynt verður að hafa betri yfirsýn og markvissara yfirlit yfir heimsóknir sérfræðinga svo sem sérkennslufræðings, skólasálfræðings og talmeinafræðings, til þess að einstaka kennarar hafi betri aðgang að þeirra þjónustu. Til dæmis með því að leggja til að hafa fastan dag í mánuði þar sem sérfræðingar koma og þannig geti kennarar haft samráð með að losa sig úr tíma ef þess þarf og panta viðtal við viðkomandi sérfræðing.
Starfsmannahandbók verður gefin út fyrir næsta skólaár.

6.6. Liður þar sem endurmenntun, áhugi og mat starfsmanna kemur fram er til staðar nú þegar í starfsmannaviðtölum. Unnið verði að því að gera endurmenntunaráætlun skilvirkari og

opnari. Sjálfsagt er að kennarar sem sækja námskeið sem nýst getið öðrum kennurum fái tíma á sameiginlegum kennarafundum til að miðla þekkingu af viðkomandi námskeiði.

6.7. Leitast verður við að kynna þá liði á fjárhagsáætlun sem heyra undir rekstur svo starfsmenn geti komið á framfæri skoðunum, eða ábendingum fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð.

7.1. Sjálfsmatsskýrsla verður sýnileg og aðgengileg á heimasíðu skólans strax í júní.

7.4. Staðgengill skólastjóra verður skipaður á Hofsósi.

Skimun

Nr	Gæðagreinir	Matsþættir	Mat				
Lykilþáttur: Námskrá			1	2	3	4	3 eða 4
1.1	Uppbygging skólanámskrárinnar	* Breidd og jafnvægi	0	0	8	9	100%
		* Samþætting	0	3	7	5	80%
		* Stundaskrá	0	0	4	12	100%
		* Valgreinar	1	1	8	4	86%
1.2	Gæði áætlana í einstökum námsgreinum	* Breidd, jafnvægi, val	0	1	9	5	93%
		* Samþætting, samfella, áframhald	0	3	10	3	81%
		* Stuðningur/leiðsögn við kennara	0	6	10	1	65%
1.3	Gæði áætlana hjá kennurum	* Gerð námsáætlana til lengri tíma og skipulag einstakra tíma	0	3	14	0	82%

Lykilþáttur: Árangur			1	2	3	4	3 eða 4
2.1	Árangur í námsgreinum	* Árangur nemenda í einstökum greinum	0	0	15	2	100%
2.2	Árangur í samræmdum prófum	* Árangur nemenda í samræmdum prófum og öðrum sambærilegum könnunum	0	0	14	0	100%
2.3	Heildarárangur	* Heildarmat á gæði árangurs, byggt á fjórum öðrum gæðagreinum, [Árangri í námsgreinum (gg. 2.1), árangri í samræmdum prófum (gg. 2.2), gæðum náms (gg. 3.2) og hvernig komið er til móts við þarfir nemenda (gg. 3.3).]	0	0	14	0	100%

Lykilþáttur: Nám og kennsla			1	2	3	4	3 eða 4
3.1	Gæði kennslunnar	* Val á kennsluaðferðum, þ.m.t. heimanámi	0	0	15	2	100%
		* Framsetning og tilgangur útskýringa kennara	0	1	12	4	94%
		* Gæði samskipta milli nemenda og kennara	0	0	9	8	100%
3.2	Gæði námsins	* Að hve miklu leyti námið virkar hvetjandi á nemendur	0	0	15	2	100%
		* Framfarir í námi	0	0	15	2	100%
		* Eigin ábyrgð nemenda á náminu, sjálfstæð hugsun, virk þátttaka	0	5	10	2	71%
		* Samvinna og samskipti	0	2	11	3	88%
3.3	Til móts við þarfir nemenda	* Val á námsefni og verkefnum	0	0	10	7	100%
		* Hraði yfirferðar m.t.t. að allir nemendur nái markmiðum við hæfi	0	0	11	6	100%
		* Hvort tillit er tekið til reynslu og áhugasviðs nemenda, við val á námsefni og kennsluaðferðum	0	4	9	3	75%
		* (Þar sem við á) framlag stuðningsaðila	0	1	11	3	93%
3.4	Mat sem liður í kennslu	* Mats- og skráningaraðferðir	0	2	14	0	88%
		* Gæði matsákvæðana, sem teknar eru í kennslunni	0	0	16	0	94%
		* Notkun matsupplýsinga	0	2	14	1	88%
3.5	Samskipti við foreldra	* Gæði skipulags foreldrasamskipta	0	1	12	4	94%
		* Gæði þeirra upplýsinga, sem foreldrar fá um einstaka nemendur	0	2	9	5	88%
		* Gæði þeirra upplýsinga, sem foreldrar fá um skólastarfið í heild	0	1	10	5	94%

Lykilþáttur: Stuðningur við nemendur			1	2	3	4	3 eða 4
4.1	Umönnun	* Tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda er sinnt.	0	0	10	7	100%
		* Stuðningur við nemendur	0	0	12	5	100%
4.2	Þroski og lífsleikni	* Nemendur þroska með sér jákvæð viðhorf og öðlast lífsleikni, félagslega og sem einstaklingar.	0	1	12	4	94%
		* Viðburðir utan námskrár, utanaðkomandi heimsóknir, aukanámskeið	0	2	9	6	88%
4.3	Gæði náms- og starfsráðgjafar	* Gæði ráðgjafar um val á menntun, starfsþjálfun og lífsstarfi	1	1	7	1	80%

		* Nákvæmni og tilgangur upplýsinga og ráðgjafar	1	0	7	1	89%
		* Að hve miklu leyti ráðgjöf byggist á sérþekkingu	1	1	5	0	71%
4.4	Hlutverk ráðgjafar í árangri	* Skilvirkni í að fylgjast með framförum hjá nemendum	0	2	10	1	85%
		* Gæði skráðra upplýsinga um framfarir hjá nemendum	0	5	8	0	62%
		* Notkun fyrirliggjandi upplýsinga	0	3	9	0	75%
4.5	Stuðningur	* Gæði stuðningsáætlana	0	7	7	0	50%
		* Framfarir og árangur nemenda	0	0	12	1	100%
		* Gæði utanaðkomandi ráðgjafar og stuðnings	0	0	12	2	100%
4.6	Reglugerð um sérkennslu	* Uppfylling ákvæða reglugerðarinnar	0	2	6	0	75%
		* Framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar	0	3	5	0	63%
		* Þekking og skilningur á reglugerðinni og skyldum málefnum	0	7	2	0	22%
4.7	Úrræði vegna sérkennslunemenda	* Skilvirkni ákvarðana um sérkennslu	1	2	7	1	73%
		* Skilvirkni ákvarðana um úrræði vegna sérkennslu	1	2	7	1	73%

Lykilþáttur: Starfsandi			1	2	3	4	
5.1	Starfsandi	* Stolt og ánægja með skólann, jafnrétti og sanngirni	0	0	5	12	100%
		* Jákvætt andrúmsloft (finnst gestum/foreldrum þeir velkomnir?)	0	1	12	4	94%
		* Starfsandi og samskipti meðal nemenda og kennara	0	0	10	7	100%
		* Væntingar nemenda og kennara; notkun uppörvunar (hróss)	0	0	10	6	100%
		* Hegðun og agi hjá nemendum	0	1	13	3	94%
5.2	Samstarf við foreldra og skólanefnd	* Foreldrar hvattir til að taka þátt í námi barnsins og skólastarfinu	0	2	9	5	88%
		* Viðbrögð skólans við skoðunum og fyrirspurnum foreldra	0	1	9	7	94%
		* Skilvirkni samskipta milli skóla og skólanefndar	3	2	8	1	64%
5.3	Tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið	* Tengsl við aðrar menntastofnanir, tilgangur þeirra og notagildi	1	0	10	4	93%
		* Tengsl við ýmis félagsamtök, atvinnurekendur og samfélagið í heild	0	4	5	6	73%
		* Tengsl við opinberar stofnanir, þ.m.t. skólaskrifstofu	0	3	9	4	81%

Lykilþáttur: Mannafli, aðstaða			1	2	3	4	3 eða 4
6.1	Húsnæði og aðstaða	* Nægilegt, fjölbreytt, viðeigandi	0	5	10	2	71%
6.2	Búnaður	* Nægilegt fjármagn ætlað til búnaðar	3	7	7	0	41%
		* Búnaður nægur, fjölbreyttur, viðeigandi	1	4	10	1	69%
6.3	Skipulag og notkun á búnaði og húsrými	* Skipulag, aðgengi	0	2	12	3	88%
		* Nýting	0	1	7	8	94%
		* Sýning athyglisverðra hluta (uppsetning, framsetning sýninga)	0	1	10	6	94%
6.4	Mannafli	* Mannafli nægur	0	2	10	4	88%
		* Starfsfólk hæft (reynt, með réttindi, með sérfræðipekkingu)	0	0	8	9	100%
6.5	Nýting mannafla	* Skilvirkni kennara – kennarahópsins	0	0	10	7	100%
		* Skipting í bekki, skipting kennara á bekki	1	0	7	9	94%
		* Möguleikar á stuðningi við nemendur	0	6	9	1	63%
		* Stuðningsfulltrúar og annað aðstoðarfólk	1	2	11	2	81%
6.6	Starfsmat	* Símenntun, endurmenntunarstefna skólans	0	3	9	2	79%
		* Starfsmat	0	2	9	3	86%
		* Skilvirkni starfsþróunar (sí- og endurmenntunar)	0	1	11	2	93%
6.7	Rekstur skólans	* Dagleg fjárhagsstjórnun skólans	0	1	8	3	92%
		* Fjárhagsáætlun	0	0	8	3	100%
		* Fjárhagur skólans hafður til hliðsjónar við áætlanagerð	0	0	8	3	100%

Lykilþáttur: Stjórnun, forysta og trygging gæða			1	2	3	4	3 eða 4
7.1	Sjálfsmat	* Þátttaka starfslíðs í sjálfsmati skólans	0	0	3	13	100%
		* Hvort kennarar í stjórnunarstöðum fylgjast með og meta starfið	0	1	7	4	92%
		* Notkun matsupplýsinga í skoðun á heildarárangri	0	3	12	1	81%
		* Fylgst með stjórnun skólans og hún metin	0	5	8	2	67%

7.2	Þróunaráætlun skólans	* Uppbygging áætlunarinnar	1	0	0	0	0%
		* Innihald áætlunarinnar	1	0	0	0	0%
		* Framsetning áætlunarinnar	1	0	0	0	0%
7.3	Framkvæmd þróunaráætlunar	* Hvernig gengur að ná settum markmiðum	1	0	0	0	0%
		* Áhrif þróunaráætlunarinnar	1	0	0	0	0%
7.4	Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga	* Fagmennska og starfinu sinnt	0	1	6	9	94%
		* Gæði stjórnunar	0	1	11	4	94%
		* Samskipti og tengsl við starfsfólk, myndun vinnuhópa	0	1	13	2	94%
7.5	Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum	* Skilgreining starfa og jafnræði	0	1	5	0	83%
		* Skilvirkni einstaklingsins	0	0	6	0	100%
		* Skilvirkni hópsins	0	0	5	1	100%

Þessi skimun á gæðagreinunum í heild sinni fór fram á Hofsósi 27. maí 2009. Tilgangur skimunar er að finna hugsanlega þætti sem þyrfti að taka á strax og þarf þá ekki að bíða eftir skipulögðu mati samkvæmt þriggja ára matsáætlun. Prósentutölurnar eru hlutfall svara með 3 eða 4. Þeir þættir sem eru undir 50 % litast rauðir og verða skoðaðir sérstaklega.


Áberandi lág einkunn kom út í skimun þessa árs í lið 4.6: Þekking og skilningur á reglugerðinni og skyldum málefnum. Um er að ræða reglugerð um sérkennslu. **Úr því má bæta með því að koma þeim kafla úr grunnskólalögum inn í starfsmannahandbók sem unnin verður á vordögum og afhent í haust.**

Annar liður sem skoraði undir 50% í svörun í 3 eða 4 eru liður 6.2: Nægilegt fjármagn ætlað til búnaðar. **Þessi kafli var til mats í vetur og var gerð skil hér framur í þessari skýrslu.**

Þeir liðir sem eru með 0% skor eru liðir sem annaðhvort eiga ekki við eða koma ekki til mats fyrir en fyrir liggja gögn um viðkomandi mál.

Hólum 12. júní. 2009

Fyrir hönd sjálfsmatsteymis


 Jóhann Bjarnason, aðstoðarskólastjóri